

Raforkumálastjóri
Vatnamælingar

Skilagrein 224

MÝRARÁ, SNÆFJALLASTRÖND

Reykjavík, 16. ág. 1961

S.Rist

Birt af fjórnum lnt.

MÝRARÁ, SNÆFJALLASTRÖND

Vatnasvið: 5 km² í 180 m hæð y.s.

Lengd: 4 km

Upptök: Mýrarvatn

Einkenni: Dragá með verulegri rennslisjöfnun í stöðuvötnum (einkum Mýrarvatn) og auk þess með nokkrum lindaá-einkennum.

Rennslishættir:

Samfelldar mælingar hafa ekki verið gerðar, svo að þekkingu er ábótavant. Aðalrennslishættir eru slíkir að því bezt er vitað: Rennslið sæmilega stöðugt. Flóð fremur væg. Vorflóð í júní. Verður ekki vatnslífið á sumrin, því að fannir liggja á vatnasviðinu út allt sumarið. Lágrennslitímabilið er miður vetur og síðari hluti vetrar.

Rennslistruflanir:

- 1) Í fyrstu snjóum hverfur áin um stundarsakir.
- 2) Þegar N- eða NV- froststormur nærir á Mýrarvatn autt mun sullgarður hlaðast upp og loka fyrir allt útrennsli úr vatninu í 1-4 sólarhringa.
- 3) Mjög skammvinnar rennslistruflanir er snjóhengjur falla niður og hindra rennslið. Snöggur flóðtoppur fylgir strax á eftir.
- 4) Ef áin verður virkjuð skal hafa hugfast að ísnálar og krap mun hindra allt rennsli gegnum inntaksristarnar, þegar ána er að leggja. Gera má ráð fyrir að þetta yrði hin fyrsta truflun að haustinu, en nær samtímis henni gerðu truflanirnar nr. 1 og nr. 2 vart við sig. Þegar snjóhjúpur er lagstur yfir Mýrará rennur hún í óvirku ísmyndunarástandi (hiti sennil. 0,5-1,5°C) og rennslið truflanalaust.

Mælistífla Þýðingarmesta atriðið í sambandi við virkjun árinna er lagrennsli vetrarins. Um það verður ekkert sagt nema mælingar hafi verið gerðar.

Nauðsynlegt er að byggja mælistíflu. Sjá meðfylgjandi bækling LEIÐBEININGAR Í SMÁAM OG LÆKJUM.

Velja skal þann stað, sem gefur gott lón ofan stíflunnar.

Áin er of vatnsmikil fyrir V-laga mælistíflur. Rétt er að byggja mælistíflu með rétthyrningsyfirfalli með samdrætti við jaðra. Skarðslengd 2 m, eða því sem næst, hnika má því ofurlítið til eftir staðhættum Þröskuldshæð 50 cm. Hæð hliðarveggja um 1 metri.

Þegar vetur er að ganga í garð og vatnið orðið lítið í ánni er rétt að þrengja skarðið t.d. niður í 100 cm.

Skrá skal vatnshæðina daglega meðan árin er auð, en þegar snjóhjúpur er komin, yfir ána er nægilegt að lesa á tvisvar í viku. Gæta þarf þess rækilega að ís eða snjór hindri ekki rennslið fram um skarðið á mælistíflunni.

16.8. '61

S. Rist